

Áætu félagsmenn.

Á félagsfund 21. September flutti Birna Guðmundsdóttir erindi sem hún kallaði „bút fyrir bút“. Hún lauk nýlega að skrifa mastersritgerð um bútasaum á Íslandi fram til ársins 1980. Það elsta sem hún fann var altarisklæði sem talið er vera saumað 1550 eða um miðja sextánda öld. Birna vill gaman heyra af einhverju gömlu ef einhver veit um.

Erindi þetta var einkar fróðlegt og vel flutt. Fyrir þá sem ekki komu á fundinn vil ég benda á að hún gaf félagin eitt eintak af ritgerðinni og mun félagið lána hana félagsmönnum. Ritgerðin er einnig aðgengileg á vefnum <http://skemman.is/is/item/view/1946/25989> og er hægt að lesa hana þar.

Birna Baldursdóttir kom með töskur og skálar sem hún hefur unnið á undanförunum mánuðum. Áhugi var á að fá hana til að leiðbeina með hvernig þetta er unnið. Stefnt er að hafa kennsluna á saumadegi í janúar n.k.

Sýning var á verkum sem unnin voru á námskeiði Elinu Grinberga. Mjög fjölbreytt og falleg verk voru unnin. Einnig var gaman að sjá hversu konur settu verkin upp á skemmtilega vegu.

Sýninganefnd tilkynnti jólasamkeppni.

Stærð verksins er 25 X 35 með einhverju gylltu í, þræði eða efnisbút. Að öðru leiti alveg frjálst.

Þátttaka tilkynnist fyrir 1. nóv. á netföngin jfinnbogadottir@gmail.com eða ironhead@simnet.is

Ingibjörg Guðjónsdóttir heldur einkasýningu á bútasaumsverkum sínum í Fannahlíð við Akrafjall á mótum Grundartanga, dagana 7,8 og 9. okt. Sýningin er opin föstudaginn 7 frá kl. 14 til 18 og laugardag 8. og sunnudag 9. milli 10 og 18.

Með kærri kveðju

Ragnheiður Björnsdóttir

Formaður.